

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 7/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/98 frá 18. desember 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP)⁽²⁾ skal félld inn í samninginn.

Að laga ber tiltekinn alþjóðleg viðhorf í ákvörðun 97/33/EB með tilliti til samningsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 18.11.1999, bls. 70.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5ca (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 710/97/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5cb. **397 L 0033:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) (Stjtið. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í a-lið 1. mgr. 17. gr. komi orðið „samningnum“ í stað orðsins „sáttmálanum“,
- b) hvað varðar samtengingu við stofnanir þriðja lands, sem lýst er í 21. gr. tilskipunarinnar, gildir eftirfarandi:
 1. Til að ná sem mestri samleitni við beitingu reglna um þriðju lönd í tengslum við samtengingu skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum, eins og lýst er í 1. mgr. 21. gr., og halda viðræðufundi um málefni, er um getur í 2. mgr. 21. gr., innan sameiginlegru EES-nefndarinnar og í samræmi við tilteknar reglur er samþykktar verða af samningsaðilum.
 2. Hvenær sem bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 2. mgr. 21. gr. til þess að fá virkan og sambærilegan aðgang fyrir stofnanir sínar skal það kappkosta að ná fram sömu kjörum fyrir stofnanir EFTA-ríkjanna.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner
